

LÖG

um breytingu á lögum nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „eða Namibíu“ og „eða Namibía“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein svohljóðandi:

1. og 2. mgr. skulu einnig gilda um svæði sem lúta yfirráðum Suður-Afríku.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skulu lögin í heild gefin út að nýju með fyrrsögninni:

Lög um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samkvæmt því sem mælt er fyrir í lögum þessum má til bráðabirgða kyrrsetja fjármuni, taka fjármuni í löggeymslu eða leggja lögbann við athöfn.

2. gr.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra fara með kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsgerðir.

Um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til að fara með gerðir samkvæmt lögum þessum fer eftir reglum laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við getur átt.